

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Starfsþróunaráætlun

2026 – 2027



Hugröckku ❤️ er ekkert ómögulegt



Efnisyfirlit

Hvað er símenntun	3
Leiðir til starfsþróunar	3
Ferli við gerð starfsþróunaráætlunar	4
Helstu áherslur og markmið stofnunar	4
Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun 2026-2027	5
Samstarfsaðilar við starfsþróun	5
Að meta og staðfesta árangur	2

Hvað er símenntun

Sameiginlegt markmið sveitarfélagsins og starfsmanna þess er að stuðla að færni og þekkingu þeirra. Sveitarfélagið stefnir að þessu markmiði með því að ráða vel menntað starfsfólk og að leggja áherslu á fræðslu- og menntunarmál. Boðið sé fram hagnýtt og fræðilegt námsefni sem nýtist starfssviði viðkomandi sem best. Rík skylda er lögð á starfsfólk að nýta sér endurmenntun og námskeið en þar sé fylgt ákvæðum kjarasamninga um endurmenntun.


Starfsfólk skal eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt er að gerð símenntunaráætlunar fyrir allar stofnanir og/eða starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga. Það starfsfólk sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skal halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað.

Leiðir til starfsþróunar

Stjórnendur og starfsfólk er hvatt til að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að öðlast tilætlaða hæfni.

- Námskeið og starfsþjálfun á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila.
- Skipulagðar ráðstefnur, kynnisferðir og vettvangsheimsóknir.
- Stutt námskeið og kynningar á fundum starfsfólks.
- Að undirbúa fræðslu og/eða kenna hópi samstarfsmanna eða öðrum.
- Gagnkvæmar heimsóknir og samstarf milli skóla.
- Teymisvinna.
- Rýnihópar.
- Starfendarannsóknir ?
- Formlegt lengra nám.
- Sjálfsnám t.d. með lestri fræðiefnis.

Ferli við gerð starfsþróunaráætlunar



Helstu áherslur og markmið stofnunar

Starfsemi haldist innan rekstraráætlunar á árinu.

Viðhalda og efla faglega stöðu stofnunarinnar.

Styrkja samskipti starfsfólks.

Styrkja samskipti starfsfólks við nemendur.

Efla samstarf milli heimila og skóla.

Auka þekkingu og færni starfsfólks til að takast á við slys og áföll.

Auka hlut þróunarverkefna í starfi kennara og starfsfólks.

Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun 2026-2027

Viðfangsefni	Fyrir hverja	Tími/tímabil	Leiðbeinendur
Sumarlestur	Allt starfsfólk	Sumar 2026	Sjálfsnám
Fagnámskeið fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar	Kennara, stuðningsfulltrúa, stjórnendur	Ágúst 2026	Ýmsir fagaðilar
Byrjendalæsi	Valdir kennarar	Allt árið 2026	Háskólinn á Akureyri
Uti Online	Allt starfsfólk	September 2026	Ingvi Hrannar Ómarsson
Haustþing KSA, SKAUST, Afls og Fosa	Allt starfsfólk	September 2026	Ýmsir fagaðilar
Leiðsagnarnám	Skólastjórnendur og kennarar	Allt árið	Stýrihópur skólans
Leiðsagnarnám	Kennarar og starfsfólk Valinn hópur	13. ágúst 14. ágúst	John Morris
Fræðslufundir	Allt starfsfólk	Allt árið	Ýmsir fagaðilar

Samstarfsaðilar við starfsþróun

Auk þess að nýta okkur þekkingu sérfræðinga í hópi starfsfólks, munum við eiga samstarf við eftirfarandi stofnanir og félög um símenntun:

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar	Símenntunarmiðstöðvar
Háskóla landsins	Kennarasamband Íslands
Austurbrú	AFL starfsgreinafélag
Heimili og skóla	FOSA

Að meta og staðfesta árangur

Allt starfsfólk skólans skráir námskeið og fræðslu í Menntaskrá til að halda utan um þá fræðslu sem sótt er.

Við formlega fræðslu, þátttöku í t.d. leshringum, verklegri þjálfun og umbótastörfum er tímafjöldi kennslu í viðurvist leiðbeinanda eða kennara skráður.

Við kynningu og kennslustörf, er reiknaður kennslutími sinnum fjórir og niðurstaðan skráð sem tímafjöldi símenntunar, t.d. kennsla í einn tíma (40-60 mín.) gefur 4 x 1 eða 4 tíma í símenntun.

Það er ábyrgð stjórnanda að skrá og staðfesta símenntun. Það er ábyrgð starfsfólks að óska eftir skráningu á námskeið, afla sér fræðslu og staðfestingu þegar hann getur sýnt fram á að námi er lokið hverju sinni.

Stjórnandi metur hversu vel starfsfólkinu hefur tekist að uppfylla kröfur samkvæmt símenntunaráætlun í maí ár hvert og sér til þess að skráningar í Menntaskrá skili sér.

Matshæf símenntun er símenntun sem var samþykkt af starfsfólki og stjórnanda.